

AUGLÝSING

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu,
nr. 98 frá 15. júlí 1941.

180

17. sept.

1. gr.

4. mgr. 50. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hreppstjóri skoði eða láti skoða mörk á öllum þeim hrossum, sem seld eru í hreppnum og fara eiga til annarra héraða. Er seljandi og kaupandi skyldur að veita aðstoð við það. Enn fremur eru kaupendur skyldir að tilkynna hreppstjóra, áður en sala fer fram. Komi upp vafi um eyrnamark eða eignarrétt, skal fara með það eins og fyrir er mælt um sauðfé, sbr. 46. gr.

2. gr.

6. mgr. 50. gr. falli niður.

3. gr.

Síðasta málsg. 50. gr. orðist svo:

Borgun til þeirra manna, er skoða mörk á hrossum og fé í sveitum, greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði. Þeir, sem taka fé eða hross til slátrunar á staðnum, kosti sjálfir þann mann, er skoðar mörkin.

4. gr.

Upphaf 51. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allt fé og öll hross í söluverkstrum skal vera með glöggu rekstrarmerki, o. s. frv.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. september 1945.

Pétur Magnússon.

Páll Pálmason.

181

18. sept.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl.,
nr. 121 frá 24. júlí 1940.

Aftan við reglugerðina komi bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:

Bráðabirgðaákvæði:

Prentun markaskrár sýslunnar, sem átti að fara fram 1946, er heimilt að fresta, þó eigi lengur en til ársins 1950.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. september 1945.

Pétur Magnússon.

Páll Pálmason.